# 1246. Stjórnarfundur VR

Haldinn þriðjudaginn 4. apríl 2023, kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 0. hæð og í fjarfundi.

**Mætt á staðfund:** Ragnar Þór Ingólfsson, Selma Björk Grétarsdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson, Bjarni Þór Sigurðsson, Halla Gunnarsdóttir, Jennifer Schröder, Jónas Yngvi Ásgrímsson, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Sigrún Guðmundsdóttir, Sigurður Sigfússon, Vala Ólöf Kristinsdóttir, Þorvarður Bergmann Kjartansson, Þórir Hilmarsson, Ævar Þór Magnússon varamaður, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir varamaður, Tómas Gabríel Benjamin varamaður og Steinunn Böðvarsdóttir forstöðumaður sem ritaði fundargerð.

**Mætt á fjarfund:** Fríða Thoroddsen, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir og Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri VR.

**Næsti fundur:** 11. maí 2023.

Formaður VR, Ragnar Þór Ingólfsson, setti fund og bauð fundarfólk velkomið.

Dagskrá:

### 1. Fundargerð 1245. stjórnarfundar VR var lögð fram til samþykktar

Ragnar Þór lagði fram fundargerð 1245. stjórnarfundar VR til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana.

Fundargerðin var samþykkt og undirrituð.

### 2. Samþykkt milli funda, styrkur til Neytendasamtakanna

Fyrir fundinum lágu skjölin „Samþykkt milli funda – styrkur til NS“ og „Skýrsla um tryggingamarkaðinn á Íslandi“ til kynningar.

Lagt fram til kynningar en styrkur að fjárhæð 4 m.kr. til Neytendasamtakanna var samþykktur með tölvupóstum á milli funda af síðustu stjórn, mótatkvæðalaust, og greint frá honum í frétt á vef VR, vr.is.

Fært til bókar.

## 3. Stjórn skiptir með sér verkum – kosið um varaformann og ritara

Nú var gengið til kosninga um varaformann og ritara. Ragnar Þór spurði hverjir gæfu kost á sér til varaformanns í VR. Halla Gunnarsdóttir og Selma Björk Grétarsdóttir gáfu kost á sér. Ragnar Þór sagði að kosið yrði milli þeirra og bauð þeim tækifæri til að kynna sig og áherslur sínar, sem þær gerðu.

Að loknum kynningum var gengið til atkvæðagreiðslu.

Niðurstöður urðu þær að Selma Björk fékk 9 atkvæði en Halla 6. Ragnar Þór lýsti því næst Selmu Björk réttkjörinn varaformann stjórnar og var því fagnað með lófataki.

Því næst spurði Ragnar Þór hver gæfi kost á sér í embætti ritara VR. Ólafur Reimar Gunnarsson og Þorvarður Bergmann Kjartansson gáfu kost á sér. Ragnar Þór bauð þeim að kynna sig og áherslur sínar sem þeir gerðu.

Að loknum kynningum var gengið til atkvæðagreiðslu.

Niðurstöður urðu þær að Ólafur Reimar fékk 9 atkvæði en Þorvarður 6. Ragnar Þór lýsti því næst Ólaf Reimar réttkjörinn ritara stjórnar og var því fagnað með lófataki.

## 4. Skipun í nefndir hjá VR

Fyrir fundinum lá skjalið „Ráð og nefndir 2023 – 2024 endanlegt samþykkt af stjórn 4. apríl 2023“ til umfjöllunar og samþykktar.

Ragnar Þór kynnti tillögur að skipan í ráð og nefndir á vegum félagsins. Tillögur voru lagðar fram á glærum og fór Ragnar yfir þær.

Gerðar voru örlitlar breytingar í umræðum en endanleg skipan í nefndir og ráð er sem hér segir:

### Framkvæmdastjórn Orlofssjóðs VR

Vala Ólöf Kristinsdóttir
Jennifer Schröder
Sigurður Sigfússon
Sigrún Guðmundsdóttir
Þórir Hilmarsson

Varamenn

Selma Björk Grétarsdóttir
Ævar Þór Magnússon
Benedikt Vilhjálmsson
Harpa Sævarsdóttir

## Framkvæmdastjórn Sjúkrasjóðs VR

Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir
Fríða Thoroddsen
Þórir Hilmarsson
Sigríður Lovísa Jónsdóttir
Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir

Varamenn

Vala Ólöf Kristinsdóttir
Tómas Gabríel Benjamin

## Starfsmenntanefnd VR

Jónas Yngvi Ásgrímsson
Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir
Selma Björk Grétarsdóttir
Ólafur Reimar Gunnarsson
Sigrún Guðmundsdóttir

Varamaður

Tómas Gabríel Benjamin

## Húsnæðisnefnd VR

Sigrún Guðmundsdóttir
Bjarni Þór Sigurðsson
Þorvarður Bergmann Kjartansson
Jónas Yngvi Ásgrímsson
Halla Gunnarsdóttir
Ævar Þór Magnússon

Varamaður

Þórir Hilmarsson

## Laganefnd VR

Ólafur Reimar Gunnarsson
Selma Grétarsdóttir
Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir
Sigurður Sigfússon
Tómas Gabríel Benjamin

Varamaður

Sigríður Lovísa Jónsdóttir

## Launanefnd VR

Bjarni Þór Sigurðsson
Sigríður Lovísa Jónsdóttir
Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir

## Kjaramálanefnd VR

Halla Gunnarsdóttir
Bjarni Þór Sigurðsson
Jennifer Schröder
Ólafur Reimar Gunnarsson
Vala Ólöf Kristinsdóttir
Jónas Yngvi Ásgrímsson
Sigríður Lovísa Jónsdóttir
Ævar Þór Magnússon
Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir
Tómas Gabríel Benjamin

## Framkvæmdastjórn Vinnudeilusjóðs VR

Bjarni Þór Sigurðsson
Halla Gunnarsdóttir
Sigríður Lovísa Jónsdóttir

Varamaður

Selma Grétarsdóttir

**Jafnréttis- og mannréttindanefnd VR**

Bjarni Þór Sigurðsson
Tómas Gabríel Benjamin
Fríða Thoroddsen
Vala Ólöf Kristinsdóttir
Selma Björk Grétarsdóttir
Jennifer Schröder
Sigríður Lovísa Jónsdóttir
Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir
Þorvarður Bergmann Kjartansson

Varamaður

Ólafur Reimar Gunnarsson

**Styrkjanefnd VR**

Tómas Gabríel Benjamin
Selma Björk Grétarsdóttir
Sigurður Sigfússon
Þórir Hilmarsson
Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir

Varamaður

Bjarni Þór Sigurðsson

**Framtíðarnefnd VR**

Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir
Vala Ólöf Kristinsdóttir
Jónas Yngvi Ásgrímsson
Þórir Hilmarsson
Ævar Þór Magnússon
Þorvarður Bergmann Kjartansson
Bjarni Þór Sigurðsson
Tómas Gabríel Benjamín

Varamaður

Fríða Thoroddsen

**Umhverfisnefnd VR**

Halla Gunnarsdóttir
Jennifer Schröder
Þórir Hilmarsson
Þorvarður Bergmann Kjartansson
Sigrún Guðmundsdóttir

Varamaður

Ólafur Reimar Gunnarsson

**Öldungaráð VR**

Ólafur Reimar Gunnarsson
Sigurður Sigfússon
Selma Björk Grétarsdóttir

**Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks**

Ólafur Reimar Gunnarsson
Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir

Varamaður

Jónas Yngvi Ásgrímsson

**Uppstillingarnefnd um val á stjórnarfólki í LIVE**

Ragnar Þór Ingólfsson
Sigríður Lovísa Jónsdóttir
Selma Björk Grétarsdóttir
Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir
Jónas Yngvi Ásgrímsson

Varamenn:

Ólafur Reimar Gunnarsson
Jennifer Schröder

**Undirbúningsnefnd ungliðaráðs**

Vala Ólöf Kristinsdóttir
Tómas Gabríel Benjamin
Jennifer Schröder
Ævar Þór Magnússon
Þorvarður Bergmann Kjartansson
Þórir Hilmarsson

Tillögur um skipan í nefndir og ráð VR lagðar fram til atkvæðagreiðslu.

Samþykkt mótatkvæðalaust.

Sigríður Lovísa Jónsdóttir lét bóka athugasemd við að í nefndum VR sitji aðilar sem ekki eru í stjórn félagsins.

Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir fór af fundi kl. 18:30.

**5. Kjaramál – staðan**

Fyrir fundinum lágu skjölin „Samstarfssamningur 21.6.2020“, „Virkjun samstarfssamnings 2023“ og „Verðbólga mars 2023“ til umfjöllunar.

Stefán Sveinbjörnsson fór yfir skjalið „Verðbólga mars 2023“. Um er að ræða samantekt félagsins á verðbólgu og verðbólguhorfum sem innlegg í umræður nefndar um stöðu efnahagsmála sem sett var á laggirnar í tengslum við gerð síðustu kjarasamninga.

Stefán fór yfir þróun vísitölu neysluverðs. Þegar þróun frá undirritun kjarasamnings er skoðuð sést að verðbólga hefur hækkað um 3,5% frá þeim tíma en kostnaðarmat samningsins var 7,4%. Stefán fór því næst yfir verðbólgu eftir uppruna, frá nóvember vegi verð á innlendum vörum mest, einkum innlend framleiðsla. Sé samræmd vísitala neysluverð skoðuð sést að 12 mánaða mæling á Íslandi er 8,8%, hún hefur hækkað með öðruvísi hætti hér á landi en í nágrannalöndunum, sem bendir til að töf sé á að breytingar skili sér til Íslands.

Stefán fór yfir verðbólguspá félagsins sem gerir ráð fyrir undir 8% verðbólgu í lok árs. Miðað við þá spá mun kaupmáttur samninganna byrja að rýrna í byrjun ágúst.

Umræður

Ragnar Þór ræddi því næst skjalið „Virkjun samstarfssamnings 2023“, en sá samningur var gerður á vettvangi landssambanda og stærstu aðildarfélaga sambandsins. Hann sagði Starfsgreinasambandið hafa hafnað þátttöku í því samstarfi og það sé hans mat að ekki sé rétt á þessum tímapunkti að stjórn VR taki afstöðu til samningsins.

Hann lýsti yfir vonbrigðum og áhyggjum af  stöðunni innan hreyfingarinnar og kvaðst hafa gefið boltann frá sér eftir tilraunir til að virkja þennan vettvang innan ASÍ. Stjórn VR standi frammi fyrir erfiðum verkefnum en sé fullfær um að takast á við þær áskoranir sem framundan séu.

Umræður

Í umræðum lagði Halla Gunnarsdóttir fram tillögu sem gerir ráð fyrir því að fjölgað verði í samninganefndinni frá því sem kveðið er á um í samstarfssamningnum, að fulltrúar verði tveir frá hverjum aðila í stað eins eins og nú segir í samningnum.

Ragnar Þór lagði til að tillagan yrði tekin til skoðunar.

Samþykkt samhljóða.

**6. Starfsreglur stjórnar VR**

Fyrir fundinum lá skjalið „Starfsreglur stjórnar VR“ til kynningar.

Ragnar Þór lagði til að skjalið myndi liggja á milli funda.

Samþykkt samhljóða.

Ragnar Þór óskaði hér eftir heimild til að lengja fund til kl. 21:15.

Engin andmæli.

**7. Starfsáætlun stjórnar VR**

Fyrir fundinum lá skjalið „Starfsáætlun stjórnar 2023-A“ til kynningar.

Ragnar Þór fór yfir starfsáætlun stjórnar.

Engar athugasemdir voru gerðar við áætlunina.

**8. Þing ASÍ 27.-28. apríl**

Dagsetning þings var röng í dagskrá, er hér leiðrétt.

Ragnar Þór benti á að um væri að ræða framhaldsþing og sömu fulltrúar félagsins hafi seturétt á því og þingi sambandsins 2022.

Fyrirhugaður er undirbúningsfundur fulltrúa VR á þinginu þann 13. apríl.

Ragnar Þór velti upp þeim möguleika að halda vinnufund stjónar fyrir þingið, e.t.v. að stjórn hittist fyrir kveðjuhóf stjórnarmanna sem fyrirhugað er að halda þann 19. apríl.

Ragnar sagði Landssamband ísl. verzlunarmanna hafa fjögur sæti í miðstjórn ASÍ og 6 varamenn, VR hefði þrjú sæti aðalmanna (tvær konur og einn karl) og fimm varamanna. Endanleg ákvörðun yrði tekin á vettvangi landssambandsins.

Hann sagðist ekki vera búinn að stilla upp sínum tillögum varðandi skipan í miðstjórn, en hallist að Selmu Björk Grétarsdóttur og Höllu Gunnarsdóttur sem aðalmönnum, Þorvarði Bergmann sem aðalmanni eða 1. varamanni, hann hafi sjálfur ekki tekið ákvörðun hvort hann bjóði sig fram í miðstjórn. Hann kvaðst jafnframt vilja leggja til Kolbrúnu Júlíu Erlendsdóttur, sem starfar hjá VR, sem varamann.

Umræður

**9. Skipun í Öldungaráð VR**

Var gert í tengslum við skipan í nefndir og ráð. Sjá lið #4.

Fleira ekki rætt, fundi slitið kl. 21:20